

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 151/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sveini Valdimarssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Sæborgu, VE 22, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi . . .“. Auglýsing þessi var birt í Lögbirtinga-
blaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en svo hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákærvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 21. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 31. marz 1969, á hendur Sveini Valdimarssyni, Nýjabæjarbraut 9, Vestmannaeyjum, skipstjóra á m/b Sæborgu, VE 22, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskiveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskiveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudaginn 20. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskiveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áður-nefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969 skv. 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áður-nefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskiveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964, og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Sveinn Valdimarsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 11. ágúst 1934 og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir, öllum í Vestmannaeyjum:

1963 29/4 Áminning fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga, gekkst inn á bætur fyrir kjaftshögg (bætur á tönnum).

1963 3/9 Dómur: 20.000.00 kr. sekt fyrir brot á lögum nr.

5/1920, 1. gr. sbr. 3. gr., og tilheyrandi ákvæði, og afli og veiðarfæri Sjöstjörnnunnar, VE 92, gerð upp-tæk.

Hinn 14. apríl 1965 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dóminn 3. september 1963.

1967 6/4 Dómur: 25.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna og afli og veiðarfæri m/b Sæborgar, BA 25, gerð upptæk.

1967 11/4 Dómur: 10.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna og afli og veiðarfæri m/b Sæborgar, BA 25, gerð upptæk (hegningarauki).

1967 21/11 Dómur: Varðhald í tvo mánuði, 25.000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar innan fiskveiðitakmarkanna og afli og veiðarfæri um borð í Sæborgu, BA 25, gerð upptæk.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómana 6. apríl 1967, 11. apríl 1967 og 21. nóvember 1967.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherranum á varðskipinu Ægi, Guðmundi Kjærnested, 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 20. marz tók varðskipið m/b Sæborgu, VE 22, skipstjóri Sveinn Valdimarsson, f. 11. ágúst 1934, til heimilis að Nýjabæjarbraut 9, Vestmannaeyjum, að ólöglegum veiðum undan Hafnarnesi við Þorlákshöfn.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn hinn 20. marz var varðskipið við eftirlitsferð við SV-land.

Kl. 2235 var komið að m/b Sæborgu, VE 22, þar sem hann var á togveiðum á svæði, þar sem þær eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febr. 1969.

Eftirfarandi staðarákvörðun var þá gerð við hlið bátsins:

Hafnarnes, fjarl. 404 sjóm.

Stökkseyri, fjarl. 8.9 sjóm.

Gefur þetta bátinn um 10.6 sjóm. inni á áðurgreindu svæði, dýpi um 88 metrar. Kl. 2249 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Hafnarnes, fjarl. 4.5 sjóm.

Stökkseyri, fjarl. 9.1 sjóm.

Skipstjóri bátsins var fluttur yfir í varðskipið og aðspurður

kvað hann sér ekki kunnugt um, að togveiðar væru bannaðar á þessu svæði. Honum var tjáð, að athæfi hans yrði kært til viðkomandi yfirvalda, og síðan fluttur yfir í bát sinn og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Staðarákvarðanir voru gerðar með K.H. ratar og gýróáttavita varðsupsins af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Staðir bátsins voru markaðir í sjókort nr. 16. Fylgir úrklippa úr kortinu skýrslu þessari.

Veður NA 3, sjór 3, léttskýjað“.

Skipherrann á varðskipinu Ægi, Guðmundur Kjærnested, mætti í sakadómi og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri innihald hennar rétt. Einnig mætti I. stýrimaður varðsupsins, Bjarni Ólafur Helgason, og II. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, og kváðu skýrsluna rétta.

Þegar ákærði mætti fyrir sakadómi, viðurkenndi hann þegar að hafa verið að togveiðum á þeim stað og tíma, sem segir í skýrslunni. Hins vegar sagði hann, að honum hafi verið algerlega ókunnugt um, að hann væri á friðlýstu svæði, og ekki hafi hann séð eða heyrt talað um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sem gefin var út 27. febrúar 1969.

Með framburði varðsupsmanna og játningu ákærða er sannað, að ákærði var að botnvörpuveiðum á m/b Sæborgu, VE 22, á þeim stað og tíma, sem í skýrslunni greinir.

Ekki verður fallið á, að það leysi ákærða frá refsíabyrgð, þótt honum hafi verið ókunnugt um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969, og verður því að telja, að hann hafi verið á ólöglegum togveiðum í umrætt sinn. Hefur hann því gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru, og unnið til refsingar samkvæmt þeim.

M/b Sæborg, VE 22, er að stærð 65.82 rúmllestir brúttó.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þessa og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000 kr. sekt í Landhelgissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögibrtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sæborgu, VE 22, eru gerð upptæk, og gengur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt í Landhelgissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sæborgu eru gerð upptæk, og gengur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 152/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hilmari Árnasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Sigurfara, VE 138, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að